

Íslenska kalkþörungafélagið ehf
Hafnarsteigi 4
465 BÍLDUDAL

Reykjavík, 29. júní 2011
Tilvísun: 2011020020/50.4.3
Verknúmer: 3340300

Efni: Viðbót við leyfi til rannsókna á kalkþörungaseti á hafsbotni í Dýrafirði, Tálknafirði og Patreksfirði

Orkustofnun vísar til leyfis til leitar og rannsókna á kalkþörungaseti á hafsbotni í Dýrafirði, Tálknafirði og Patreksfirði sem Íslenska kalkþörungafélaginu ehf. var veitt, í samræmi við 2. gr. laga, nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, þann 8. febrúar 2010 og gildir til 31. mars 2012.

Orkustofnun hefur nú borist erindi Íslenska kalkþörungafélagsins, dags. 25. febrúar sl. Orkustofnun lagði þann skilning í erindið að sótt væri um tvennt. Annars vegar viðbót við gildandi leyfi til rannsókna í Dýrafirði, Tálknafirði og Patreksfirði og hins vegar nýtt leyfi til rannsókna í Öfundarfirði og Ísafjarðardjúpi að meðtöldum Jökulfjörðum. Þann 25. mars sl. óskaði Orkustofnun eftir frekari upplýsingum og greindi Íslenska kalkþörungafélaginu frá því hvernig Orkustofnun liti á umsóknina. Orkustofnun barst bréf frá félaginu, dags. 31. mars sl. með frekari upplýsingum um umsóknina. Félagið tók sérstaklega fram að það gerði ekki athugasemdir við að litið væri á umsóknina sem tvær ólíkar umsóknir. Í erindi þessu er eingöngu tekin afstaða til framlengingar á gildandi leyfi og viðbót við rannsóknaleyfi til þess að nota neðansjávarmyndavél.

Leitað var umsagnar umhverfisstofnunar, lax- og silungsveiðasviðs Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins, Hafrannsóknarstofnunarinnar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Náttúrustofu Vestfjarða, Siglingarstofnunar og sveitarfélaganna Bolungarvíkurkaupstaðar, Vesturbyggðar, Strandabyggðar, Tálknafjarðarhrepps, Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst Orkustofnun þann 6. apríl sl. en í umsögninni kemur fram að stofnunin telji notkun neðansjávarmyndavélarinnar hafa lítil áhrif í för með sér og gerir stofnunin því ekki athugasemdir við veitingu leyfisins.

Orkustofnun ítrekar einnig athugasemd Fornleifaverndar ríkisins þess efnis að varkárni sé sýnd vegna mögulegra fornleifa á svæðinu. Leyfishafi skal taka tillit til verndunar menningarsögulegra minja er finnast kunna á rannsóknarsvæði því sem leyfi þetta tekur til og gera Fornleifavernd ríkisins viðvart finnist slíkar minjar sbr. 12. og 13. gr. Þjóðminjalaga, nr. 107/2001.

Orkustofnun hefur ákveðið með hliðsjón af umsögnum og gögnum málsins að veita rannsóknarleyfishafa umrædda viðbót við leyfið.

Með vísan til 2. gr. laga, nr. 73/1990, veitir Orkustofnun rannsóknarleyfishafa heimild til að nota neðansjávarmyndavél við rannsóknirnar og framlengir gildistíma rannsóknarleyfisins til 31. júní 2014. Það athugast að ákvæði í leyfi sem gera ráð fyrir árstímabundnum skilum á gögnum framlengjast í samræmi við hinn nýja gildistíma.

Virðingarfyllst,
f. h. orkumálastjóra


Lárus Ólafsson


Harpa Þórunn Pétursdóttir